



Reykjavíkurborg

Fjármála- og áhættustýringarsvið

Reykjavík, 24. janúar 2021
R20110207

Borgarráð

Umsögn um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á ástandi húsnæðis í eigu Reykjavíkurborgar fyrir fólk sem sækir um alþjóðlega vernd

Á fundi borgarráðs 12. nóvember sl. lögðu borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks óska eftir því að farið verði í úttekt m.a. með tilliti til loftgæða, öryggis og almenns ástands viðkomandi fasteigna í eigu Reykjavíkurborgar og fólk sem sækir um alþjóðlega vernd býr í.

Tillögunni var vísað til umsagnar fjármála- og áhættustýringarsviðs.

Umsögn:

Starfsmenn skrifstofu framkvæmda og viðhalds á hverfastöðvum og verkþækistöðvum sjá um að fylgjast með og viðhalda fasteignum Reykjavíkurborgar. Algengt er að farið sé í sérstakar ástandsúttektir og er tekið jákvætt í að fara í sérstaka úttekt á þessum tveim fasteignum í eigu Reykjavíkurborgar sem fólk sem sækir um alþjóðlega vernd býr í. Láta mæla loftgæði og skoða öryggi og ástand.

Óli Jón Hertervig
skrifstofustjóri eignaskrifstofu